

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 15. mars 2018 kl. 9:30, en þetta var 60. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (15. feb. 2018) var samþykkt.

### 2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „glomerul“ (36 færslur), „sign“ eða „symptom“ (32 færslur) og „control“ (16 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar. Einnig hafði Runólfur Pálsson lesið listana og sent athugasemdir. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Fyrirspurn barst frá Lyfjastofnun um „cardiac failure“ og „congestive cardiac failure“ og hvort gera þurfi greinarmunur á þessum tveimur hugtökum. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir og mun JHJ bera málið undir sérfræðinga.

c) Ábending barst um að nafnorðið „transsexual“ (kynskiptingur) væri óheppilegt. Samþykkt var að nafnorðinu verði eytt en að lýsingarorðið og skyld hugtök verði sett í frekari skoðun.

### 3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 12. apríl 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:40.